



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Styrkur úr Kennslumálasjóði B-leið

Samstarf kennara og nemenda um aukin gæði náms og kennslu

Lokaskýrsla

Ragný Þóra Guðjohnsen, lektor

Eygló Rúnarsdóttir, aðjunkt

Védís Grönvold, kennslustjóri

Október 2022

Inngangur

Árið 2020 var rannsóknarhópi okkar (Ragný Þóra Guðjohnsen, Eygló Rúnarsdóttir og Védís Grönvold) við Menntavísindasvið úthlutaður B-styrkur úr Kennslumálasjóði til að vinna að rannsókninni: Samstarf kennara og nemenda um aukin gæði náms og kennslu.

Aðdragandi verkefnisins var umræða í kennslunefnd sviðsins þar sem rætt var um þróun sem orðið hefur víða í háskólanámi að nemendur mæta ekki í kennslustundir. Þetta á við bæði hjá þeim sem stunda staðnám en einnig í blönduðum námskeiðum stað- og fjarnema, þar sem borið hefur á því að fjarnemendur geti ekki verið til staðar í rauntíma þegar kennsla fer fram vegna starfa með námi.

Þessi þróun hefur breytt landslagi kennslu og kennsla á tímum COVID-19 hefur einungis hraðað þróuninni. Kennarar ræða því í auknum mæli kosti og galla þessa og hvernig megi á farsælan hátt sameina styrkleika mismunandi leiða í kennslu en samhliða tryggja gæði náms og prófgráða.

Markmið rannsókna

Til að fá heildarsýn á viðfangsefnið beindum við í fyrsta lagi sjónum að sýn ólíkra hópa innan eins sviðs háskólans; stjórnenda, kennara og nemenda, á hvað felist í gæðum náms og kennslu. Í öðru lagi könnuðum við sýn sömu hópa á mat á gæðum náms og kennslu og hvernig það er nýtt til umbóta í námi og kennslu. Leiðarljós verkefnisins var jafnframt að fylgja eftir Stefnu HÍ um gæði náms og kennslu (Háskóli Íslands, e.d.–a) og spyrja út í þætti sem komu fram í stefnu HÍ um gæði náms og kennslu. Núverandi stefna Háskóla Íslands HÍ26 tók síðan við af þeirri stefnu (Háskóli Íslands, e.d.–b).

Þátttakendur

Þátttakendur rannsóknarinnar voru alls 28. Einstaklingsviðtöl voru tekin við fjóra stjórnendur, tvö rýnihópaviðtöl við alls níu kennara og fjögur rýnihópaviðtöl við alls 15 nemendur.

Framkvæmd

Lóa Guðrún Gísladóttir var ráðin verkefnastjóri fyrir rannsóknina og hafði hún yfirumsjón með gagnasöfnun og vann með stýrihópi rannsóknarinnar. Stýrihópurinn með aðstoð verkefnastjóra skipti með sér verkum og haldnir voru alls 17 vinnufundir á tímabilinu frá september 2020 til maí 2021 auk þess tíma sem fór í gagnasöfnun og greinaskrif.

Byrjað var á að afla gagna úr kennslukönnunum undanfarinna tveggja ára frá nokkrum sviðum HÍ. Þeir styrkleikar og veikleikar náms sem fram komu í mati stúdenta í

kennslukönnun voru hafðir til hliðsjónar við hönnun hálfopins viðtalsramma þar sem spurt var um gæði náms og mat á námi.

Viðtalsramminn var hannaður í samræmi við markmið rannsóknarinnar en auk þess sniðinn að viðmælendum að ákveðnu marki. Í viðtölum við stjórnendur var sérstaklega spurt um i) hvernig unnið er með niðurstöður gæðamats og hvernig þær eru nýttar til umbóta, ii) hvort deildir noti sérstakar aðferðir til að auka gæði náms og kennslu og iii) hvernig kallað er eftir rödd og þátttöku nemenda til þess að stuðla að gæðum náms og kennslu. Kennarar voru spurðir sérstaklega um i) tækifæri nemenda til að koma að þróun náms og kennslu, ii) kennslukannanir og hvernig þeir ynnu með niðurstöður kennslukannana og iii) hvort notaðar væru aðrar matsaðferðir í námskeiðum þeirra. Nemendur voru spurðir sérstaklega um i) hvaða aðferðir þeim fyndust henta best til að meta gæði náms, ii) hvaða tækifæri þeir fengju til að koma að þróun náms og kennslu og iii) um helstu ástæður þess að nemendur segðu sig úr námskeiðum eftir að þau hefjast.

Kynningar- og samþykkisbréf var sent þátttakendum; stjórnendum, kennurum og nemendum í tölvupósti, þar sem rannsóknin var kynnt og óskað eftir þátttöku og upplýstu samþykki. Hluti þátttakenda fékkst með því að senda aftur kynningar- og samþykkisbréf til minni hópa kennara. Nemendafélag sviðsins var fengið til að setja inn auglýsingu um rannsóknina á *Facebook*, þar sem óskað var eftir þátttöku nemenda. Jafnframt voru stjórnendur námsleiða fengnir til að auglýsa eftir nemendum svo tryggja mætti þátttöku úr sem flestum námsleiðum.

Fyrst voru tekin einstaklingsviðtöl við stjórnendur. Því næst voru tekin rýnihópaviðtöl þvert á deildir sviðsins við kennara og nemendur. Samkomutakmarkanir vegna COVID-19 höfðu áhrif á gagnasöfnun og fóru viðtölin því fram í gegnum fjarfundaforritið *Zoom*. Þrátt fyrir það gekk vel að fá viðmælendur og taka viðtöl í gegnum *ZOOM*. Viðtölin fóru fram á tímabilinu 21. október 2020 til 28. apríl 2021. Viðtölin voru á bilinu 36–105 mínútna löng og voru þau tekin upp með samþykki þátttakenda. Viðtölin voru afrituð orðrétt en því næst var öllum gögnum eytt.

Greining gagna

Viðtölin voru þemagreind með þemagreiningu Braun og Clarke (2006; 2013). Við greiningu gagnanna var leitast við að greina rauðan þráð í máli þátttakenda og gefa þemun mynd af merkingarbærum atriðum sem fram komu með hliðsjón af markmiði rannsóknar og rannsóknarspurningunum sem lagt var upp með í tímaritsgreinunum þremur sem birtar verða úr gögnunum.

Helstu niðurstöður

Niðurstöður rannsóknar hafa verið kynntar á fjölbreyttan hátt:

- **Ritrýndar greinar.** Tvær ritrýndar greinar hafa nú þegar komið út eða eru í birtingarferli og sú þriðja er í vinnslu

Hér á eftir er stutt samantekt á viðfangsefni og niðurstöðum greinanna þriggja:

1. **Tækifæri eða tálsýn?: Kennslukannanir og annað mat á gæðum náms og kennslu** (Ragný Þóra Guðjohnsen o.fl., 2022). Þar er fjallað um hvernig mat er lagt á gæði náms og kennslu við valið svið HÍ, hvernig matið er nýtt og hvaða leiðir henti best til að meta nám. Í niðurstöðum kom fram að til þess að fá heildstætt mat á gæði náms og kennslu þurfi að kalla eftir fjölbreyttu mati. Kennslukannanir gegni ákveðnu hlutverki við að fá yfirsýn yfir gengi námskeiða og námsleiða auk þess sem þær veita möguleika á samanburði deilda og sviða innan háskólans.

Á hinn bóginn séu ákveðnir þættir þessarar matsaðferðar takmarkandi. Í fyrsta lagi eigi spurningar í kennslukönnunum oft illa við um nám og námsumhverfi nemenda og hafi því ekki þýðingu í huga þeirra. Þeir séu þá líklegri til að svara ekki kennslukönnun eða svara á þann hátt að ekki fáiast gagnlegar upplýsingar um gæði náms og kennslu. Í öðru lagi sé svarhlutfall nemenda í kennslukönnunum of lágt og mikils virði sé að leita leiða til að fjölga þátttakendum. Í þriðja lagi sé virk þátttaka kennara í mati kennslukannana mikilvæg og ein forsenda þess að matið nýtist til umbóta. Í því felst að kennarar hvetji nemendur til þátttöku, kynni sér niðurstöður mats og ræði um matið við nemendur og kalli eftir þeirra hugmyndum. Þannig geti samtalið og samstarf nemenda, kennara og stjórnenda orðið lykilaðferð við að meta gæði náms og grunnur að umbótum og þróun á námi og kennslu.

Einnig kom fram að annars konar mat á námi geti haft mikla þýðingu. Nefnt var að nemendur þurfi í ríkara mæli að koma að vinnu ráða og nefnda þar sem fjallað er um nám og kennslu. Stjórnendur sögðu að oft sé erfitt að manna nemendafulltrúa í slíkri vinnu. Hjá nemendum kom jafnframt fram að þeir hefðu lítinn tíma til að koma að slíku starfi enda flestir nemendur í starfi meðfram námi.

2. **Gott nám er eitthvað sem hvetur mann til þess að vaxa: Sýn nemenda, kennara og stjórnenda á gæði náms og kennslu í háskóla** (Eygló Rúnarsdóttir, o.fl., 2022). Í greininni sem hefur farið í gegnum ritrýni og er í lokayfirferð, er fjallað um sýn þátttakenda á hvað felist í gæðum náms og kennslu og hvernig megi stuðla að auknum gæðum. Í niðurstöðum mátti greina ákveðinn samhljóm í sýn hópanna þriggja, nemenda, kennara og stjórnenda, á hvað felist í gæðum náms og kennslu og að mikilvægt sé að stuðla sífellt að auknum gæðum og umbótum. Fyrst má nefna að sterkur þráður í máli allra hópanna var að gæði

náms felist fyrst og fremst í því hversu hagnýtt veganesti nám er fyrir starf á vettvangi, að nemendur standi vel að vígi og séu tilbúin til starfa. Kennarahópurinn lagði auk þess áherslu á að gott nám sé umbreytandi (e. transformative) og þurfi að hafa persónulega merkingu fyrir nemendur í stað þess að vera einungis neysluvara. Nemendur settu gæði náms jafnframt í samhengi við það að námið byggji á nýjustu þekkingu á hverjum tíma, að skipulag sé skýrt og upplýsingagjöf í námskeiðum sé góð, s.s. námskeiðslýsingar og kennsluáætlanir, sem ber að einhverju leyti keim af hugmyndinni um nám sem neysluvöru. Stjórnendur nefndu jafnframt vönduð vinnubrögð við skipulagningu og endurskoðun námskeiða og ríkulegar kröfur til nemenda sem tryggi jafnræði. Bæði kennarar og nemendur töluðu um að gæði náms og kennslu fælust meðal annars í fjölbreyttum kennsluháttum en ekki síður í öflugum námssamfélagi þar sem traust og gagnkvæm virðing ríkir sem styðji við samvinnu. Í máli beggja hópa voru rædd dæmi um birtingarmyndir vanvirðingar en einnig hvernig vel hefði tekist til við að byggja upp traust og gagnkvæma virðingu.

Upplifun af breyttu kennslufyrirkomulagi á tímum COVID-19 og samkomutakmörkunum virtist vera kennurum og nemendum ofarlega í huga og báðir hópar nefndu að auðveldara væri að forma hugmyndir um gott nám og kennslu í kjölfar þeirra upplifunar. Nemendur nefndu meðal annars ánægju með hvernig til tókst, umfram væntingar að einhverju leyti og kennarar nefndu dýrmæta reynslu af ólíkum kennsluháttum, aukinni samvinnu kennara og þann eldmód sem skapaðist um að halda í gæði eins og frekast væri kostur þrátt fyrir breyttar forsendur. Niðurstöður benda til að vísir að gæðamenningu (e. quality culture) sé til staðar en að sérstaklega þurfi að hlúa að námssamfélagi og aðkomu allra, sérstaklega nemenda, svo þróun náms og kennslu sé markviss og viðvarandi viðfangsefni sem skili auknum gæðum.

3. **Lýðræðislegir starfshættir í háskólanámi: Sýn nemenda á tækifæri til þátttöku** (Eygló Rúnarsdóttir, Ragný Þóra Guðjohnsen, Védís Grönvold og Lóa Guðrún Gísladóttir, í vinnslu). Þessi grein er í vinnslu en þar verða dregnar fram raddir nemenda, meðal annars um tækifæri þeirra til lýðræðislegrar aðkomu að þróun náms og kennslu innan háskóla. Hjá nemendum kom fram að samtali stjórnenda og kennara við nemendur um námið, þurfi að vera meira og kerfisbundnara og ná út fyrir ramma kennslukannana. Þetta er áskorun sem allir innan háskólasamfélagsins þurfa að mæta, jafnt kennarar, stjórnendur og nemendur. Vegna stöðu sinnar í valdastrúktúr háskólans eru það þó stjórnendur og kennarar sem þurfa að stíga fram og mæta nemendum í samtali um gæði náms

og kennslu og nýta fjölbreyttar leiðir til þess að kalla markvisst eftir röddum nemenda.

- **Grein í Tímarit Kennslumiðstöðvar.** Haustið 2022 var birt grein í Tímariti Kennslumiðstöðvar þar sem fjallað er um rannsóknarverkefnið.
- **Ráðstefnukynningar.** Rannsóknarteymið hefur kynnt niðurstöður á eftirfarandi ráðstefnum:
 - **Menntakvika 2021:** Haldið var erindið „Fólk þarf að sjá að það sé hægt að hafa áhrif“ – Sýn nemenda á aðkomu þeirra að mati á gæðum náms og kennslu (sjá: https://menntakvika.hi.is/wp-content/uploads/2021/10/Agripaskjal_15102021.pdf)
 - **Þjóðarspegli 2021** þar sem haldin var málstofan: Gæðastræti Háskóla Íslands: Sýn nemenda, kennara og stjórnenda á gæði náms og kennslu (sjá: <https://thjodarspegillinn.hi.is/malstofur-2021/>). Erindin voru þrjú:
 - Sýn nemenda, kennara og stjórnenda á gæði náms og kennslu: Tilviksrannsókn
 - Sýn nemenda, kennara og stjórnenda á mat á gæðum náms og kennslu: Tilviksrannsókn
 - Sýn nemenda, kennara og stjórnenda á aðkoma nemenda að þróun náms og kennslu: Tilviksrannsókn

Veganesti rannsóknar og næstu skref

Það að vinna að gæðum náms og kennslu er viðvarandi viðfangsefni háskólasamfélagsins. Í stefnu Háskóla Íslands (e.d.) 2021–2026, HÍ26 er að finna fjórar megináherslur. Ein þeirra er **Afl á grunni gæða** þar sem áhersla er á gæði náms og að stöðugar umbætur séu hafðar í fyrirrúmi enda sé það drifkraftur þróunar og framfara í samfélaginu.

Í niðurstöðum rannsóknarinnar kom fram að í hugum kennara og stjórnenda felist gæði námsins bæði í því að vera „umbreytandi“, þ.e. kalla nemendur til umhugsunar um viðfangsefni og að mynda sér skoðun en jafnframt í að námið sé nemendum hagnýtt veganesti fyrir starf á vettvangi. Nemendur virðast horfa meira til þess að námið sé undirbúningur fyrir starf á vettvangi og kalla eftir skýru skipulagi og upplýsingagjöf, s.s. námskeiðslýsingum og kennsluáætlunum. Stjórnendur taka undir að skipulag námsins þurfi að vera skýrt en nefna einnig að reglulega þurfi að þróa námskeið og endurskoða. Öflugt námssamfélag þar sem traust og gagnkvæm virðing ríkir var einnig í fyrirrúmi hjá öllum viðmælendum. Í sjálfsmati innan HÍ hefur einnig komið fram að auka þurfi aðkomu háskólanemenda að starfi sviða. Í niðurstöðum kom þó fram að ýmislegt í námsumhverfi

nútímans virðist koma í veg fyrir að það náist í nægilega ríkum mæli og var í því sambandi einkum vísað til þess að nemendur séu í starfi samhliða námi og þurfi að sinna fjölskyldu. Því gefi þeir oft ekki kost á þátttöku í nefndastarfi innan háskólans þar sem þróun náms er rædd.

Niðurstöður gefa jafnframt skýrar vísbendingar um að mat á gæðum náms þurfi að vera fjölbreytt og að ákveðnir ágallar séu á þeirri mælingu sem fæst með kennslukönnun. Mikilvægt sé að og vinna að breytingum á spurningum hennar þannig að þær eigi betur við um nám nemenda og beinist á skýrari hátt að gæðum náms.

Háskólasamfélagið stendur á ákveðnum tímamótum þar sem samtal á sér stað um þær breytingar sem COVID-19 þvingaði að sumu leyti fram, þýðingu þeirra fyrir gæði í námi og kennslu og mat á gæðum því samhliða. Í rannsókn Guðrúnar Geirsdóttur og féлага (2020) sem skoðuðu reynslu háskólakennara af skyndilegum breytingum á kennsluháttum á tímum COVID-19, kom fram að vinnuálag kennara jókst vegna þess að endurskoða þurfti námskeið, kennsluhætti og námsmat og að þeir þurftu að ná tókum á ýmis konar tækni til þess að það væri mögulegt. Náin samvinna og gagnkvæmur stuðningur á milli kennaranna sé þó til þess fallinn að draga úr álagi og gera breytingaferlið ánægjulegra.

Því má segja að stöðug þróun sé samofin háskólastarfi og getur hún kallað á samtal allra aðila skólasamfélagsins. Þær stafrænu tæknibreytingar sem orðið hafa á undanförunum árum hafa riðlað áratugamynstri kennslu og því má segja að allir aðilar séu óöruggari um til hvers er ætlast. Þetta á ekki hvað síst við í kjölfar COVID-19 tímabilsins: Er ætlunin að fara aftur í fyrirkomulag kennslu sem var fyrir COVID-19?; er krafist viðveru í rauntíma á staðnum eða á netinu?; fer námið fram í staðlotum eða hefur rafræna byltingin gert þær óþarfar?; og svona mætti lengi telja.

Það er mat rannsóknarhópsins að umræða allra í námssamfélaginu um gæði náms og kennslu sé órjúfanlegur þáttur háskólanáms og að þau tækifæri gefist of sjaldan. Það er von okkar að rannsóknin varpi ljósi á ólíka sýn nemenda, kennara og stjórnenda á gæði náms og kennslu og hvernig best sé að meta þau gæði. Með rannsókninni vildum við leggja lóð á vogarskálar kennsluþróunar og vonumst til að niðurstöður nýtist innan háskólasamfélagsins í leit að farsælum og fjölbreyttum lausnum í kennsluþróun samtímans.

Heimildaskrá

Braun, V. og Clarke, V. (2006). Using thematic analysis in psychology. *Qualitative Research in Psychology*, 3(2), 77–101.
<https://doi.org/10.1191/1478088706qp063oa>

Braun, V. og Clarke, V. (2013). *Successful qualitative research: A practical guide for beginners*. SAGE Publications.

Eygló Rúnarsdóttir, Ragný Þóra Guðjohnsen, Védís Grönvold og Lóa Guðrún Gísladóttir. (2022). „Gott nám er eitthvað sem hvetur mann til þess að vaxa“: Sýn nemenda, kennara og stjórnenda á gæði náms og kennslu í háskólanum. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*, [Ritrýningu lokið. Í lokavinnslu].

Eygló Rúnarsdóttir, Ragný Þóra Guðjohnsen, Védís Grönvold og Lóa Guðrún Gísladóttir. (Í vinnslu). Lýðræðislegir starfshættir í háskólanámi: Sýn nemenda á tækifæri til þátttöku.

Háskóli Íslands. (e.d.–a). *Stefna Háskóla Íslands um gæði náms og kennslu 2018–2021 – aðgerðaáætlun til þriggja ára*.
https://www.hi.is/sites/default/files/petura/7a_stefna_hi_um_gaedi_nams_og_kennslu_2018-2021_-_26okt18_end.pdf

Háskóli Íslands. (e.d.–b). „*Betri háskóli – betra samfélag*“. *Stefna 2021-2026*.
https://www.hi.is/haskolinn/hi26_stefna_haskola_islands_2021_2026

Ragný Þóra Guðjohnsen, Eygló Rúnarsdóttir, Védís Grönvold og Lóa Guðrún Gísladóttir. (2022). Tækifæri eða tálsýn?: Kennslukannanir og annað mat á gæðum náms og kennslu. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*, 1-19.
<https://doi.org/10.24270/netla.2022.6>